Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2009

2010/EES/12/29

frá 4. desember 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í lið 21aqc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007) í XX. viðauka við samninginn:

„21ar. **32001 L 0081**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni (Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22) eins og henni var breytt með:

- **1 03 T**: Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, sem samþykkt voru 16. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
- **32006 L 0105**: Tilskipun ráðsins 2006/105/EB frá 20. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. gr.:

„f) losun á Svalbarða, að því er varðar Noreg.“

b) Með tilliti til skuldbindinganna, sem mælt er fyrir um í 4. gr., bætist við I. viðauka eftirtalin landsbundin efri mörk losunar sem skylt er að virða frá árinu 2010:

Land	SO ₂ kílótonn	NO _x kílótonn	Rokefni kílótonn	NH ₃ kílótonn
Ísland	90	27	31	8
Liechtenstein	0,11	0,37	0,86	0,15
Noregur	22	156	195	23

c) 1. mgr. 6. gr. hljóði svo:

„EFTA-ríkin skulu eigi síðar en 1. mars 2010 koma sér upp áætlunum um hvernig draga megi úr losun mengunarefnanna, sem um getur í 4. gr., með það að markmiði að koma henni niður fyrir landsbundin efri mörk losunar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, eða strangari mörk eigi síðar en árið 2010.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22.

- d) Ákvæði 3. mgr. 6. gr. gilda ekki.
- e) Eftirfarandi málsliður bætist við í fyrstu undirgrein 2. mgr. 8. gr.:
- „Að því er varðar EFTA-ríkin skulu þau veita Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar, í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, um áætlanir sem þau koma sér upp í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr., eigi síðar en 31. mars 2010.“
- f) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 8. gr.:
- „Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um áætlanir einstakra landa, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við ákvæði staflíðar d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar, sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA, og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda EFTA-ríkjunum upplýsingar, sem berast frá framkvæmdastjórninni, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær berast.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/81/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2009**

2010/EES/12/30

frá 4. desember 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 um breytingu á III. viðauka A og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs til að laga þá að vísindalegum og tæknilegum framförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0308**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 97, 16.4.2009, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 308/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(3*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008 frá 6. júní 2008, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 16.4.2009, bls. 8.

⁽³⁾ Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2009****2010/EES/12/31****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunaratríðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) ⁽³⁾.
- 4) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 ⁽⁴⁾ og 2702/98 ⁽⁵⁾, sem hafa verið felldar inn í samninginn, falla úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 250/2009, en ákvæði þeirra gilda þó áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarár allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 ⁽⁶⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 251/2009, en ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar gagnaraðir sem afhenda ber vegna viðmiðunarára allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32009 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 (Stj. tíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).“

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stj. tíð. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stj. tíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stj. tíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49.

⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 102.

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 81.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1670/2003):

„1k. **32009 R 0250**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunaratríðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1).

1l. **32009 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn í gagnaraðirnar 9C og 9D samkvæmt ákvæðum I. viðauka. Stjórnvöld í Liechtenstein skulu aðeins afhenda gögn, sem sýna sundirliðun atvinnugreina, í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 2, tveggja tölustafa þrep.“

3. Eftirfarandi aðlögunarákvæði bætist við í lið 1a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98) og lið 1c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98):

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi er fallin úr gildi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 250/2009. Ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarár allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.“

4. Eftirfarandi aðlögunarákvæði bætist við í lið 1b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98):

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi er fallin úr gildi í samræmi við ákvæði 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 251/2009. Ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar gagnaraðir sem afhenda ber vegna viðmiðunarára allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 250/2009 og 251/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2009****2010/EES/12/32****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB frá 6. maí 2009 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (endurútgöfin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/42/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 95/64/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 7b (tilskipun ráðsins 95/64/EB) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB frá 6. maí 2009 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (endurútgöfin) (Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/42/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2009****2010/EES/12/33****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn og bókun 30
við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði
hagskýrslugerðar**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 30 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 223/2009 falla úr gildi reglugerð (EB, KBE) nr. 1101/2008 ⁽⁴⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 ⁽⁵⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 5) Öllum vísunum til hagskýrsluáætlunarnefndarinnar (HÁN) í bókun 30 við samninginn ber að breyta í vísanir til nefndar um Evrópska hagskýrslukerfið (NEH).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. 17. liður (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008) hljóði svo:
„**32009 R 0223**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).“
2. Brott falli texti liðar 17a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 70.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

2. gr.

Bókun 30 við samninginn breytist sem hér segir:

1. 6. mgr. 1. gr. hljóði svo:

„Um meðferð hagskýrslna frá EFTA-ríkjunum skal fara eftir ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).“

2. Í stað orðanna „hagskýrsluáætlunarnefndin (HÁN)“ í 1. mgr. 1. gr. komi orðin „nefnd um Evrópska hagskýrslukerfið (NEH)“.

3. Í stað orðanna „HÁN/EES“ í 1. mgr. 1. gr. og 7. mgr. 1. gr. komi orðin „NEH/EES“.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 223/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2009****2010/EES/12/34****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2009 frá 23. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá fyrir árið 2010 yfir aukamarkbreytur um samnýtingu á fjármagni innan heimila ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2009 frá 5. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB frá 23. júní 2009 um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslukerfið ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18x (reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008):
„18xa. **32009 R 0646**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2009 frá 23. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá fyrir árið 2010 yfir aukamarkbreytur um samnýtingu á fjármagni innan heimila (Stjtið. ESB L 192, 24.7.2009, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005):
„– **32009 R 0707**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2009 frá 5. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17c (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar COM(2005) 217):
„17d. **32009 H 0498**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB frá 23. júní 2009 um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslukerfið (Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 192, 24.7.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 646/2009 og 707/2009 og tilmæla 2009/498/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2009****2010/EES/12/35****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 834/2009 frá 11. september 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaganna, að því er varðar gæðaskýrslur ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„19xb. **32009 R 0834**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 834/2009 frá 11. september 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaganna, að því er varðar gæðaskýrslur (Stjtið. ESB L 241, 12.9.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 834/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 241, 12.9.2009, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2009****2010/EES/12/36****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 543/2009 frá 18. júní 2009 um hagskýrslur um nytjaplöntur og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 837/90 og (EBE) nr. 959/93 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 543/2009 falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 837/90 ⁽³⁾ og 959/93 ⁽⁴⁾ og kemur brottfellingin til framkvæmda 1. janúar 2010, en þessar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. janúar 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 24 (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90) og liður 24a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93) verði endurtölusettir sem liður 24a og liður 24aa.
2. Eftirfarandi liður bætist við á undan hinum nýja lið 24a:
„24. **32009 R 0543**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 543/2009 frá 18. júní 2009 um hagskýrslur um nytjaplöntur og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 837/90 og (EBE) nr. 959/93 (Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 1).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.“
3. Texti hinna nýju liða 24a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90) og 24aa (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93) falli brott 1. janúar 2010.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 543/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 88, 3.4.1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 98, 24.4.1993, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2009****2010/EES/12/37****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/49/EB frá 18. júní 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 78/660/EBE og 83/349/EBE að því er varðar tiltekna upplýsingaskyldu fyrir meðalstór fyrirtæki og þá skyldu að semja samstæðureikningsskil ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0049**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/49/EB frá 18. júní 2009 (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 42.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2009****2010/EES/12/38****frá 4. desember 2009****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 636/2009 frá 22. júlí 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0636**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 636/2009 frá 22. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 636/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2009****2010/EES/12/39****frá 4. desember 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins, og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86., 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 um að koma á fót hópi sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna ⁽³⁾.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.
- 5) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna sem er skipaður samkvæmt ákvörðun 2009/334/EB og breyta bókun 31 þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þann hóp.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Málgrein 8a í 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) í bókun 31 breytist sem hér segir:

1. Stafliðir d) og e) í aðlögunarákvæðunum verði endurtölusettir sem stafliðir e) og f).

2. Eftirfarandi nýr stafliður bætist við á eftir staflið c) í aðlögunarákvæðunum:

„d) Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 ⁽¹⁾, að tilnefna fulltrúa með full réttindi til setu á fundum hóps sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna (öryggisstjórnar evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna).

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 22).

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 22.

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

„32. Öryggisstjórn evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB).“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2009****2010/EES/12/40****frá 4. desember 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2062/94 frá 18. júlí 1994 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni ⁽²⁾ með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1643/95 ⁽³⁾, 1654/2003 ⁽⁴⁾ og 1112/2005 ⁽⁵⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2010 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr. bókunar 31 við samninginn:

- „11. a) EFTA-ríkin skulu taka þátt í starfi Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar („stofnunarinnar“) sem starfar samkvæmt eftirfarandi bandalagsgerð:
- **31994 R 2062**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2062/94 frá 18. júlí 1994 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni (Stjtið. EB L 216, 20.8.1994, bls. 1) eins og henni var breytt með:
 - **31995 R 1643**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1643/95 frá 29. júní 1995 (Stjtið. EB L 156, 7.7.1995, bls. 1),
 - **32003 R 1654**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1654/2003 frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 38),
 - **32005 R 1112**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1112/2005 frá 24. júní 2005 (Stjtið. ESB L 184, 15.7.2005, bls. 5).
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við starfsemi sem um getur í staflið a) í samræmi við ákvæði stafliðar a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar stofnunarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.
- d) EFTA-ríkin skulu senda stofnuninni áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2009 frá 4. desember 2009 upplýsingar um helstu þætti landsbundinna upplýsinganeta á sviði vinnuverndar sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2062/94 með síðari breytingum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 216, 20.8.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 156, 7.7.1995, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 38.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 184, 15.7.2005, bls. 5.

- e) Einkum skulu EFTA-ríkin, á tímabilinu sem mælt er fyrir um í staflið d), tilgreina hvaða stofnanir muni hafa með höndum samþæfingu og/eða afhendingu upplýsinga sem stofnunin á að fá afhentar frá hverju landi.
- f) EFTA-ríkin skulu einnig senda stofnuninni heiti stofnana sem hafa aðsetur á yfirráðasvæði þeirra og geta tekið þátt í samstarfi um tiltekin verkefni sem hafa sérstakt gildi og gegnt þannig hlutverki verkefnamiðstöðva netsins.
- g) Stjórn stofnunarinnar skal taka helstu þætti netsins til endurskoðunar með tilliti til þátttöku EFTA-ríkjanna áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að henni berast upplýsingarnar sem um getur í stafl. d), e) og f).
- h) Stofnunin er lögaðili. Hún skal njóta í öllum ríkjum samningsaðila ítrasta réttshæfis og gerhæfis lögaðila samkvæmt löggjöf samningsaðila.
- i) EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérrettindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- j) Þrátt fyrir ákvæði stafl. a) í 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ⁽⁶⁾, er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- k) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.
- l) Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁷⁾ skulu, að því er varðar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2062/94, einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.